

**Ed.**

**348. Frumvarp til laga**

[209. mál]

um breyting á lögum um sveitarstjórnarkosningar nr. 5 7. mars 1962.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Tilkynningar um aðsetursskipti, sem berast sveitarstjórn eftir að kjörskrá er samin, skal fara með eins og kjörskrárkærur.

2. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Kjörseðlar við kosningu sýslunefndarmanna skulu gerðir með sama hætti og kjörseðlar við hreppsnefndarkosningu, en með öðrum lit.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er fylgifrumvarp frumvarps til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum.

Um 1. gr.

Í frumvarpi til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum er gert ráð fyrir því að kosningarréttur miðist við lögheimili þá er 2 vikur eru til kjördags. Því verður nauðsynlegt að leiðrétta framlagða kjörskrá vegna breytinga á lögheimili frá því að kjörskrá er samin. Er þá lagt til að með tilkynningar um aðsetursskipti, sem berast sveitarstjórn á þeim tíma, skuli farið eins og kjörskrárkærur, sbr. 20. og 21. gr. laga nr. 52/1959 um kosningar til Alþingis.

Um 2. gr.

Rétt er að kveða ótvírætt á um það, að notaðir skuli sérstakir kjörseðlar við kosningu sýslunefndarmanna, og að þeir skuli vera með öðrum lit en kjörseðlar við hreppsnefndarkosningar.